

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 2 800.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 395 20. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. febrúar 1980.

Nr. 129.

G J A L D S K R Á

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi).

Flokkur 1:

Dánartilkynningar og jarðarfarir. Messur. Góðgerðastarfsemi. Tapað — fundið kr. 400 hvert orð

Flokkur 2:

Opinberar tilkynningar. Auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 kr. 600 hvert orð

Flokkur 3:

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir kr. 700 hvert orð

Flokkur 4:

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir kr. 1 400 hvert orð

Verðskrá þessi gildir frá 15. febrúar 1980 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 7. febrúar 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.